

**Nr. 19-167 S 102 Lágey ÞH 265*****Stjórnlaus á reki og strandar í Þistilfirði***

*Skipaskr.nr.* 2651  
*Smíðaður:* Akranesi 2005, plast  
*Stærð:* 11,38 brl. 14,79 bt.  
*Mesta lengd:* 12,43 m *Skráð lengd:* 10,99 m  
*Breidd:* 3,95 m *Dýpt:* 1,5 m  
*Vél:* Yanmar 314 kW, 2005  
*Fjöldi skipverja:* 4

**Gögn:**  
*Lögregluskýrslur*  
*Gögn RNSA*



Lágey©Hilmar Snorrason

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 28. ágúst 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 29. nóvember 2019 var Lágey ÞH 265 á línuveiðum á NA miðum. Veður: V 6-7 m/s og sjólitíð.

Lágey fór frá Raufarhöfn milli kl. 20:00 og 21:00 þann 28. nóvember til veiða á Þistilfirði og eftir að hafa lagt línuna var látið reka. Báturinn var á reki frá því milli kl. 00:00 til 01:00 þar til um kl. 04:30 þegar hann strandaði norður af Krossavík í Þistilfirði á stað, 66°19,093N og 015°41,931V (*sjá mynd 1*). Óskað var eftir aðstoð til Vaktstöðvar siglinga (VSS) og voru björgunarsveitir kallaðar út ásamt þyrlu LHG.



Mynd 1 Strandstaður Lágeyjar

Björgunarskipin Gunnbjörg frá Raufarhöfn og Jón Kr. frá Þórshöfn voru komin á strandstað um kl. 06:30 ásamt fiskibátnum Degi ÞH 110.

Þyrla LHG TF-EIR kom á staðinn um kl. 07:00, bjargaði áhöfninni og flaug með hana til Akureyrar.



Mynd 2 Ferilskráning VSS frá kl. 01:00 til 04:30



Mynd 3 Lágey á strandstað

Björgunaraðilar á björgunarskipinu Gunnbjörgu tókst að ná Lágey á flot um kl. 09:30 og drógu hana til Raufarhafnar.

***Við rannsókn kom fram:***

- að samkvæmt ferilskráningu VSS (*mynd 2*) frá kl. 01:00 til 04:30 var meðalrekhraði Láageyjar 1,09 hnútar. Fyrst rak bátinn til suðausturs en um kl. 02:10 breyttist það til suðvesturs;
- að skipstjórinn kvaðst hafa farið að sofa á eftir öðrum skipverjum upp úr miðnætti eftir að hafa talið bátinn öruggan;
- að fram kom hjá skipstjóra að það væri venja um borð að báturinn væri látinn reka stjórnlaust ef veðurspá og staðsetning virtust í lagi;
- að þetta var annar róður skipstjórans eftir frí og hann kvaðst hafa sofið u.þ.b. 5 klst. nóttina áður;
- að siglingatæki sem voru í gangi voru dýptarmælir, siglingatölva og straummælir. Skipstjórinn taldi að tækin væru með aðvörunarbúnað en þau hefðu ekki verið notuð;
- að skipstjórinn kvaðst hafa kynnt sér veður, sjólag og straumupplýsingar. Hann sagði að veðrið hafi ekki verið í samræmi við veðurspá;
- að aðalvél var í gangi, báturinn u.þ.b. tvær sjómílur frá landi og dýpið um 68 faðmar þegar skipstjórinn fór að sofa. Hann hafði stillt vekjara á kl. 06:30;
- að akkeri var um borð og nógu löng taug í það til að hægt hefði verið að nota það á þessu svæði;
- að um borð voru um 1.100 lítrar af olíu en hvorki afli né veiðarfæri;
- að skipstjórinn hafði verið á bátnum í u.þ.b. fjögur ár;
- að samkvæmt upplýsingum frá útgerð bátsins gildi sú vinnuregla um borð í smærri bátum þeirra að maður væri alltaf á vakt í stýrishúsi og viðvörunabúnaður siglingatækja notaður. Þessari vinnureglu hefði ekki verið fylgt í þessu tilviki.

***Nefndarálit:***

Orsök strandsins var að stjórnandi bátsins var sofandi og hafði ekki tryggt örugga vakt meðan báturinn var látinn reka.